

## Félagsfundur TFÍ haldinn á Grand Hótel, 9. nóvember 2006.

Mættir voru 42. Fundur var settur kl. 20:00.

Formaður kynnti Sigurð Þórðarson sem fundarstjóra og Magnús Björnsson sem ritara. Aðalefni fundarins var um Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands.

### 1. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ)

Björn Ragnarsson formaður stjórnar Lífeyrissjóðs TFÍ byrjaði á að kynna hlutverk sjóðsins, sem er að ávaxta greiðslur félaga, halda réttindabókhald og greiða út til sjóðsfélaga eftirlaun og bætur. Megináhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðs eru annars vegar fjárfestingar og hins vegar sjóðsfélagar. Frá sjónarhóli lífeyrissjóðsins eru það bestu félagarnir sem falla frá um sjötugt en verstir þeir sem lifa lengst. LTFÍ er lokaður sjóður sem er eingöngu fyrir tannlækna og maka þeirra. Stjórn sjóðsins er kosin af sjóðsfélögum á aðalfundi. LTFÍ skiptist í þrennt: Lausa séreign sem er greidd út á aldrinum 60-67 ára; Bundin séreign sem er greidd út 70-85 ára og sameign sem er greidd frá 70 ára aldri. Meginfjármunir félagsmanna liggja í séreign, lausri eða bundinni. Lágmarkstryggingavernd á að tryggja félagsmönnum 56% af launum í eftirlaun til æviloka miðað við 40 ára inngreiðslutíma. Einnig er greiddur út örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir undir 18 ára.

Félagsmenn geta að auki safnað viðbótarlífeyrissparnaði þar sem atvinnurekandi greiðir allt að 2% af launum og launþegi greiðir á móti allt að 4%. Björn er þeirrar skoðunar að atvinnurekandi megi greiða mun meira en sem nemur þessum 2% skv. samningi við launþegann á þeim forsendum að við náum ekki að safna upp í lífeyrisgreiðslur sem nemi 56% af launum. Hvatti Björn menn til að kanna þetta nánar og hefja aukalífeyrissparnað strax. Björn kvartaði yfir brotalöm í útfyllingu skilagreina til sjóðsins. Hann sagði í raun vera nóg fyrir sjóðinn að vita hvað menn greiddu sér í laun á mánuði en verst væri þegar menn væru að borga í sjóðinn í slumpum án nokkurra skýringa. Björn sagði ný lög vera á leiðinni þar sem lögbundnar greiðslur í lífeyrissjóði yrðu hækkaðar í 12% og taldi lágmark að greiða 10% í viðbót í viðbótarlífeyrissparnað.

Davíð Harðarson framkvæmdastjóri sjóðsins tók við og upplýsti að samtryggingarhluti sjóðsins stæði vel og ætti 5% yfir framreiknuðum skuldbindingum sjóðsins. Hann fór yfir fjárfestingar sjóðsins 2006 þar sem innlend skuldabréf voru 55% af fjárfestingum sjóðsins, erlend hlutabréf 25%, innlend hlutabréf 10% og aðrir flokkar minna. Helsta breyting síðustu ára hefur verið sú að fjárfesting í ríkisskuldabréfum hefur minnkað verulega. Hrein raunávöxtun sjóðsins 2006 var 6.1% fyrir séreignarhluta sjóðsins og 5,7% fyrir sameign. 5 ára raunávöxtun er 7.7% fyrir séreign og 6.7% fyrir sameignina. Stefna sjóðsins fyrir 2007 er að auka óhefðbundnar fjárfestingar og innlend hlutabréfakaup en minnka kaup á innlendum skuldabréfum.

Magnús Gíslason kom með fyrirspurn um hvort æskilegt væri að leggja niður LTFÍ eða að hann sameinaðist öðrum sjóðum og einnig fannst honum allt of mikill kostnaður við rekstur sjóðsins.

Björn Ragnarsson svaraði að margir sjóðir vildu ganga í sæng með LTFÍ og hugsanlega gætu boðið betri kostir í samningum um fjárfestingar ef LTFÍ væri hluti af af stærri sjóði. LTFÍ væri minnsti sjálfstæði lífeyrissjóðurinn og það gæti komið að því að við þyrftum að sameinast öðrum sjóðum. Varðandi kostnað þá þótti Birni hann vera síst of mikill. Hann fær sjálfur 500.000 ár ári í þóknun en sinnir töluverðri vinnu fyrir sjóðinn. Aðrir stjórnarmenn skipta svo á milli sín svipaðri upphæð. Ekki má fækka í stjórn sjóðsins samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins og ennþá meiri kostnaður hlytist af því að ráða utanaðkomandi til stjórnarsetu. Landsbankinn tekur 20% í þóknun af þeim hagnaði sem er umfram meðalhagnað lífeyrissjóða. Þess vegna væri best að borga sem mest í kostnað því að þá er sjóðurinn að græða meira.

Birgir Jóhannsson spurði hvort sjóðurinn mætti fjárfesta í gulli og demöntum. Björn gat ekki svarað hvort það væri leyfilegt á Íslandi.

Sigurjón Benediktsson spurði hver aldursdreifing félaga væri og hvort akkur væri í að fá fleiri félaga. Davíð vissi ekki aldursdreifinguna en taldi að gott væri fyrir sameignarsjóðinn að fá nýja félaga.

### 2. Félagsmál

Formaður sagði frá því að samkvæmt fjárlagafrumvarpi næmi hækkan vegna tannlækninga tryggðra sjúklinga einungis 2,7%, sem væri langt frá því að ná almennri hækkan vegna verðbólgu.

Annað var ekki tekið fyrir og fundi slitið 10:10

Magnús Björnsson ritari



# fréttabréf tannlæknafélags íslands

desember 2006

Frá formanni

Tannlæknafélagið fagnar áttatíu ára afmæli sínu næsta haust. Stjórn félagsins hefur þegar hafið undirbúning að afmælinu en félagsmenn mega eiga von á að afmælisnefndin hafi samband vegna þessara tímamóta. Allir sem búa yfir einhverjum hæfileikum, sem við hinir búum ekki yfir, ættu að láta vita af sér og jafnframt láta vita af sérstökum eintökum í stéttinni sem gaman væri að vita meira um. Eins og áður hefur komið fram verður afmælisársþingið mannað íslenskum fyrirlesurum og er kjörið tækifæri fyrir tannlækna að koma rannsóknnum sínum og sérhæfingu á framfæri á þeim vettvangi. Síðasti félagsfundur var afbragðs vel sóttur og fróðlegur. Þar kom fram að aðeins 200 tannlækna greiða í Lífeyrissjóð tannlækna og er raunar ekki vitað hvernig hinir 100 standa að sínum lífeyrismálum. Auðvitað er ekki skylda að vera í þessum lífeyrissjóði en miðað við upplýsingar sem fram komu á fundinum er margt vitlausara en að greiða í lífeyrissjóð okkar tannlækna. Spunnust fjörugar umræður en þeir félagar Björn Ragnarsson stjórnarformaður og Davíð Harðarson sjóðsstjóri greiddu ljúflega úr öllum flækjum. Utanfélagsmönnum var sérstaklega boðið að sitja fræðsluhluta fundarins og vonandi hvetur það til þess að menn sjái sér hag í því að vera félagsmaður í TFÍ.

Í samræmi við óskir sem fram komu á aðalfundi verður næsti félagsfundur helgaður lyfjamálum okkar tannlækna og verður hulunni vonandi svipt af nýrri reglugerð um lyfjaávisanir tannlækna. Félagshéimilissuppyggingin gengur vel en ekki er víst að tímaplön standist en í janúar verður vonandi hægt að vígja nýtt félagsheimili og skrifstofu félagsins. Afmælisgjöf félagsins til tannlæknaeildar HÍ leit dagsins ljós með námskeiði um rekstur tannlækna stofu sem Tannlækningastofnun stóð fyrir. Mikil ásókn var í námskeiðið og vildu fleiri komast að en tók voru á að taka við. Vonandi verður framhald á slíku og gott samstarf við tannlæknaeildina er mikilvægt og ánægjulegt.

Sigurjón Benediktsson

**FÉLAGSFUNDUR**  
Fimmtudag 7. desember  
2006  
að Háteigi Grand Hótel  
klukkan 20:15

**Dagskrá:**  
1. Lyfjaskápar á tannlækna stofum  
*Pétur Gunnarsson*  
*lyfjafræðingur*  
2. Lyfjareglugerð-nýjustu fréttir  
3. Félagsmál  
4. Önnur mál

**Jólaball**  
*Dagsetning: 29.12.2006 - Staðsetning: Grand Hótel - Hvammur*  
*Þó svo að salur félagsins sé ekki tilbúinn þá dettur okkur ekki í huga að fella niður hið vinsæla jólaball tannlækna.*  
*Nú verður dansað á Grand Hótel og byrjar ballið kl. 14.00 og stendur til 16.30*  
*Að sjálfsgöðu mæta jólasveinarnir þeir Kjötkrókur og Skyrghámur eins og undanfarin ár og skemmta með aðstoð Guðmundar Hauks Jónssonar sem við getum kallað: "Faldafeyki"*

# Jólaball

**Dagsetning: 29.12.2006 - Staðsetning: Grand Hótel - Hvammur**  
**Þó svo að salur félagsins sé ekki tilbúinn þá dettur okkur ekki í huga að fella niður hið vinsæla jólaball tannlækna.**

**Nú verður dansað á Grand Hóтели og byrjar ballið kl. 14:00 og stendur til kl. 16:30**

**Að sjálfsögðu mæta jólasveinarnir þeir Kjötkrókur og Skyrgámur eins og undanfarin ár og skemmta börnunum með aðstoð Guðmundar Hauks Jónssonar sem við getum kalla bara .."Faldafeykir" Kaffi, gos, súkkulaðikaka og smákökur.**

**Félagsmenn og aðstoðarfólk þeirra - pabbar og mömmur, afar og ömmur eru hvött til að fjölmenna á jólaballið með börnin.**

**Vinsamlega tilkynnið þátttöku með því að senda tölvupóst á [tannsi@tannsi.is](mailto:tannsi@tannsi.is)**

**Rétt er að minna á útgáfu Tannlæknatalansins og hvetja tannlækna að senda inn upplýsingar til Gunnlaugs Haraldssonar á netfangið [gullih@simnet.is](mailto:gullih@simnet.is) Upplýsingar má einnig senda til skrifstofu TFÍ á netfangið [tannsi@tannsi.is](mailto:tannsi@tannsi.is)**

**Tannlæknatalið á að koma út næsta haust og mikilvægt að réttar upplýsingar berist sem fyrst.**

**Sendar hafa verið upplýsingar til tannlækna úr síðasta tannlæknatali**

## Nýtt Tannlæknatal 1854-2007

Í tilefni þeirra tímamóta að Tannlæknafélag Íslands verður 80 ára á næsta ári hefur verið ákveðið að ráðast í undirbúning á útgáfu nýs Tannlæknatalans, sem leysi af hólmi það rit sem kom út haustið 1997.

Í ritnefnd eiga sæti: Sigurjón Sigurðsson (formaður), Gunnar Róssarsson, Gunnar Þormar og Jónas B. Birgisson.

Ritnefndin hefur samið við Gunnlaug Haraldsson þjóðháttfræðing um að ritstýra verkinu, en hann hefur langa reynslu af samantekt slíkra rita og hafði m.a. á hendi ritstjórn eldri útgáfu (1997) ásamt ritnefnd.

Efnisöflun er komin á fullan skrið með endurskoðun (uppfærslu) eldri æviágripa og útsendingu eyðublaða til þeirra tannlækna sem bæst hafa í hópinn frá og með árinu 1998. Slíkt eyðublað er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. undir tenglinum: Eyðublað

Til fróðleiks skal rifjað upp, að í eldri útgáfu (frá 1997) eru æviágrip alls 385 tannlækna, þar af í sérstökum viðauka 19 erlendra tannlækna af íslenskum uppruna. Frá júní 1998 til þessa dags hafa 48 tannlæknar lokið kandidatsprófi frá Háskóla Íslands og gera má ráð fyrir að 7-10 bætist í þann hóp fram til næsta sumar. Til viðbótar hafa nokkrir tannlæknar lokið prófi erlendis, þannig að gera má ráð fyrir að heildarföldi æviágripa hinnar nýju útgáfu verði ekki mikið færri en 450.

Allir tannlæknar eru hvattir til að taka vel beiðni ritnefndar og ritstjóra um að senda inn umbeðnar upplýsingar við fyrstu hentugleika, svo að væntingar um farsælan vinnuferil útgáfunnar gangi eftir.

Með góðri félagskveðju,  
 Sigurjón Sigurðsson,  
 Gunnar Róssarsson,  
 Gunnar Þormar,  
 Jónas B. Birgisson



# fréttabréf tannlæknafélags íslands

desember 2006

## Fréttir af janúarkúrsus

Janúarkúrsus verður á Grand Hótel - Hvammi dagana 26. og 27. janúar 2007. Kúrs hefst 13:00 á föstudeginum 26. og síðan aftur kl. 9:00 laugardaginn 27. janúar. Þá verður morgunverðarhlaðborð og síðan lýkur janúarkúrs upp úr hádegi.

Nýtt snið verður á kúrsus þetta árið. Þáttakendum verður skipt upp í tíu manna hópa

Kynnt verða 5-7 tilfelli og hver hópur tíu þátttakenda koma sér saman um greiningu og meðferðaráætlun. Sérfræðingar koma að kynningu og úrlausnum hjá hverjum hóp. Síðan verður farið yfir greiningu og meðferð hópanna og rýnt í afraksturinn.

Vegna uppbyggingar þessa kúrs verður að takmarka þátttakendafjölda við 100 eða tíu hópa. Verði gríðarleg ásókn verður að sjálfsögðu brugðist við með einhverjum hætti en vissara er að skrá sig sem fyrst á

**[tannsi@tannsi.is](mailto:tannsi@tannsi.is) með efnisorðið : Janúarkúrsus**

## Kannanir á vegum félagsins

Komið hafa fram óskir frá félagsmönnum um að kanna hvaða laun séu greidd fyrir vinnu tanntækna og aðstoðarfólks. Stjórnin hóf vinnu við slíka könnun en þá bærust erindi þess efnis að mikilvægt væri að kanna verðlagningu tannsmíða og svo einnig að gera verðkönnun á efnunum og áhöldum hjá fyrirtækjum sem með þær vörur höndla.

Ljóst er að kannanir af þessu tagi verða að vera afar vel unnar, eigi þær að þola gagnrýni og skila einhverju. Þess utan er kostnaður þónokkur og krefst þes að tannlæknar sinni því að svara slíkum könnunum en þar er verulegur misbrestur á. Útilokað er að gera slíka könnun á pappírformi heldur verður að notast við rafræn form spurninga og skráningu svara.

Það er því nauðsynlegt að undirbúa slíkar kannanir vel. Jafnvel að íhuga hvort rétt sé að fara út í slíkar aðgerðir og væri rétt að ræða það á félagsfundi til að fá fram vilja félagsmanna.

Tannlæknar verða sjálfir að þola að verð þeirra séu borin saman af vankunnáttu og ósanngirmi og við hljótum því að vanda okkar vinnubrögð sérstaklega ef til slíkra kannana kemur.

Ekki er þannig fráleitt að félagið kannaði verðlagningu á okkar eigin þjónustu til að vita hvar við stöndum.

## FRÁ LÝÐHEILSUSTÖÐ:

### LÍTILL ÁHUGI TANNLÆKNA Á TANNVERNDARVIKU?

Kæru tannlæknar.

Þann 5. október síðastliðinn var send út könnun á vegum Lýðheilsustöðvar, til allra starfandi tannlækna hérlendis. Tilgangur könnunarinnar var að afla upplýsinga um áhuga tannlækna á faglegu samstarfi við Lýðheilsustöð við skipulagningu og framkvæmd árvissrar tannverndarviku.

Þátttaka tannlækna var langt undir væntingum en einungis um fjórðungur tannlækna svaraði könnuninni.

Því hefur verið ákveðið að senda könnunina "í loftið" að nýju og vonir bundnar við að tannlæknar gefi sér tíma til að svara þeim 12 spurningum sem fylgja hér á eftir. Könnuninni er fljótvarað.

ÞAÐ ER LJÓST AÐ ERFITT VERÐUR AÐ VINNA AÐ TANNVERND MEÐ STARFANDI TANNLÆKNUM EF ÁHUGI FYRIR SAMVINNU ER LÍTILL SEM ENGINN OG ILLA GENGUR AÐ VERA Í SAMBANDI GEGNUM TÖLVUPÓST OG NET.

**Í ljósi ofanritaðs verður að hvetja tannlækna til að svara könnuninni hið bráðasta og opna tölvupósta sína reglulega. Það verður að gera átak til að koma þessari tæknivæddu stétt til að taka þátt í tölvusamskiptum !**  
**SVÖRUM KÖNNUN LÝÐHEILSUSTOFNUNAR STRAX Í DAG!**

**Aðalfundargerð er ekki tilbúin þar sem hún er sérstaklega viðamikil og fyrirhugað er að gefa nýsamþykkt lög og síðareglur út á handhægu formi. Fundargerðin verður send út þegar farið hefur verið yfir öll atriði og málfars- og stafsetningarrvillur leiðréttar .**

**Munið að greiða desemberuppbót 65.000 krónur fyrir fullt starf tanntækna og aðstoðarfólks**

**Fyrsta janúar skulu öll laun undir 190.000 krónum hækka um 5.000 krónur**

**Kannið verðbólgu og kostnað við rekstur þegar verðlagning tannlækninga er endurskoðuð**